

Fjármálastjórinn – Skil 2

Nú eru liðnar nokkrar vikur síðan fjármunum góðgerðamálsins var ráðstafað og kominn tími til að skoða hver staðan á peningunum er.

1. Farðu í gamla skjalið sem þú skilaðir síðast og opnaðu flipann sem heitir skil 2. Settu inn í reitina sem heita Fjöldi hluta sömu tölu og var í skil 1. Í reitina sem heita Gengi félags og Gengi dollars átt þú að setja inn nýtt gengi á félögum og dollara þar sem það á við. Ef þú hefur sett pening á bankareikning þarft þú að reikna út hversu mikla vexti þú hefur fengið. Einnig verður þú að segja hvað reikningurinn heitir sem þú lagðir inn á, í hvaða banka hann er og hversu mikla vexti hann gefur. A.t.h. vextirnir sem eru gefnir upp eru ársvextir og þú verður að taka tillit til þess að þú hefur bara geymt peningana hluta úr árinu á þessum vöxtum.
2. Reiknaðu út hversu mikið hver og ein fjárfesting hefur breyst (hækkað eða lækkað) í prósentum og heildarbreytingu í prósentum.
3. Finndu a.m.k. þrjár fréttir sem gætu útskýrt breytinguna á gengi hlutbréfanna sem þú valdir. Það mega vera innlendar eða erlendar fréttir eftir því sem við á. Settu vísan á vefslóð fréttar í útskýringarkassann.
4. Segðu frá því í ekki of löngu máli hvernig þú hefur geymt peningana sem þú fékkst í september ef þú hefur haft algerlega frjálsar hendur um ráðstöfun þeirra og hvers vegna. Hefur þú gert eitthvað öðruvísi? Hvað og af hverju?